



Bréf: Eiríkur Einarsson til utanríkisráðherra 31. janúar 1953

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Utanríkisráðherra – Sjálfstæðismenn – borgarstjórinn í Reykjavík –
Vignir Guðmundsson – Kommúnistar

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Bréfa- og málasafn 1946-1953.
Askja 2-15, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eiríkur E inarsson,

Box 118,

Akureyri.

EE/VG

Akureyri, 31. jan. 1952.

Blessaður og sæll.

Eins og þú sérð á ávarpi mínu var ég á síðasta landsfundi sjálfstæðismanna og heyrði m.a. ræðu þína, þar sem þú lagðir til að sjálfstæðismenn hættu að þérast.

Það var góður fundur og gerðust þar nýstárlegir viðburðir. Utanríkisráðherrann bauð okkur öllum dús, atvinnumálaráðherrann - sá dæmalausi stjórnarsamningamaður - óttaðist að hann yrði bráðkvaðdur í stjórnarsamvinnu, og borgarstjórnin í Reykjavík vitnaði í biblíuna og komst frá því með slíkum ágætum, að enginn kennimaður hefði betur gert.

En nóg um þetta. Tilgangurinn með þessu bréfi er alvarlega eolis, þótt gálauslega sé ar stað farið.

Það hefir komið fram ósk til mín og annars manns hér í bæ, Vignis Guðmundssonar tollvarðar, um að við gæfum upp nöfn kommúnista hér í bænum og lýstum æriferli og athöfnum - einkum þeirra skeleggustu - með stuttum skýringum við hvert nafn. Maðurinn sem bað okkur þessa, hvað þetta gert með vitund ríkisstjórnarinnar og eftir hennar ósk.

Nú viljum við spurja þig. Er þetta svo?

Það er ekki launungarmál að við hötum kommúnistastefnuna meira en í meðallagi, en okkur blandast ekki hugur um að þetta er skítverk, sem okkur er óljúft að vinna, nema það sé beint í þágu Íslands og þú teljir það nauðsynlegt.

Ég er þannig gerður, að ég vil heldur þenjast þannig að setja hnefann beint á nasir anastæðings míns, en að leggja ríting í bak hönum.

Ég tek hér skýrt fram að þetta er algert trúnaðarmál milli okkar Vignis og þín og bið þig nú að hafa einhver ráð með að láta okkur vita af eða á.

Með beztu kveoju,

Til hr. utanríkisráðherra

Bjarna Benediktssonar,

Reykjavík.

Eiríkur Einarsson